



# Færanlegagr og stöðugar sandöldur á Mars

ESP\_032616\_1275



Þótt MRO og HiRISE myndavélin hafi verið á braut um Mars í sjö ár eru þau enn að gera nýjar uppgötvanir. Ein þeirra er að margir sandskaflar og sandöldur færast, sumar allt að nokkra metra á ári. Á myndinni sést sandöldusvæði í gíg á suðurhveli Mars. Svæðið var kannað með eins Mars-árs millibili, fyrst 2. september 2011 og svo aftur 11. júlí 2013 (eitt ár á Mars er 687 Jarðardagar). Með því að taka myndir á sama árstíma eru birtuskilyrðin eins, svo hægt er að tengja finar breytingar á útliti svæðisins við raunverulega breytingu á yfirborðinu en ekki bjögun í myndinni.